

Kaflí I

ÓVÆNTIR GESTIR

Í holu einni í jörðinni bjó hobbiti. Þetta var ekki neinn ógeðslegur, vatnskenndur leðjupyttur, iðandi af ormum og fúlli lykt. Þetta var heldur ekki þurr hola í sandi þar sem hvergi var hægt að setjast niður og ekkert til að borða. Nei, þetta var hola sem hobbiti bjó í og það þýddi aðeins eitt: þægindi.

Útidyrnar á holunni voru fullkomlega kringlóttar eins og kýrauga á skipi og nákvæmlega fyrir miðju á dökkgrænni hurðinni var skínandi bjartur látúnshurðarhúnn. Dyrnar opnuðust inn í mjög huggulega forstofu sem leit út eins og göng, mjög þægileg og reyklus göng. Veggirnir voru viðarklæddir og gólfð ýmist flísa- eða teppalagt. Þarna voru fallegir stólar og mjög, mjög mikið af alls kyns snögum fyrir húfur og yfirhafnir – hobbitinn vildi nefnilega að gestir skynjuðu hversu hjartanlega velkomnir þeir væru. Göngin virtust halda endalaust áfram nánast eins og beint inn í hólinn, eða Hólinn öllu heldur, eins og allir í kring og í margra kílómetra fjarlægð kölluðu hann, en út úr göngunum lágu margar hringlaga dyr, fyrst á annarri hliðinni og svo á hinni. Það var engin efri hæð í holu hobbitans og þarna voru svefnherbergi, baðherbergi, geymslur, matarbur (mörg), fataskápar (heilu herbergin notaði hann sérstaklega sem fataherbergi), nokkur eldhús, borðstofur, allt var þetta á sömu hæð og reyndar út frá sama ganginum. Bestu herbergin voru

HOBBITINN

öll vinstra megin (þegar gengið var inn) því að þau voru þau einu með glugga, djúpa hringlaga glugga sem sneru út í garð og að engjunum sem lágu niður að ánni við enda garðsins.

Þessi hobbiti var mjög vel efnaður og var kallaður Bilbó Baggi. Fjölskylda hans hafði búið í Hólnum alla tíð og var vel metin af öllum, ekki aðeins vegna þess að þau voru efnuð, heldur vegna þess að þau fóru aldrei út í neina vitleysu eða tóku upp á einhverju óvæntu. Ef þú vildir til dæmis spyrja einhvern úr Bagga-fjölskyldunni að einhverju gastu alveg sagt þér svarið án þess að spyrja. Hér verður sagt frá því þegar einn úr Bagga-fjölskyldunni lenti í ævintýri og fór að gera og segja hluti sem enginn átti von á. Það getur verið að hann hafi glatað virðingu nágranna sinna, en þess í stað fékk hann – já, ætli þú verðir ekki bara að bíða og sjá hvort hann hafi haft eitthvað annað upp úr krafsinu?

Móðir hobbitans okkar – en bíddu nú við, hvað er hobbiti? Ætli ég þurfi ekki aðeins að skýra út hvað hobbitar eru, eins sjaldgæfir þeir eru orðnir og feimnir við stóra fólkið eins og þeir kalla okkur. Þeir eru (eða voru) lágvaxið fólk, kannski helmingi lægri en við og enn þá lægri en skeggjuðu dvergarnir. Hobbitar eru alveg skegglausir. Þeir búa yfir litlum eða nánast engum göldrum nema þessum hefðbundnu og venjulegu sem láta þá hverfa hratt og hljóðlega þegar stóra og vitlausa fólkið eins og ég og þú kemur askvaðandi með hávaða eins og heil filahjörð sem heyrir í úr mikilli fjarlægð. Þeir eru gjarnan dálítið vambmiklir, þeir klæða sig í litríkan fatnað (sérstaklega grænan og gulan), eru aldrei í skóm vegna þess að á fótum þeirra eru leðursólar af náttúrunnar hendi og þar vex brúnt og þykkt hár sem heldur á þeim hita, alveg eins og þetta sem er á höfði þeirra (reyndar eru þeir hrokkinhærðir). Þeir eru laghentir, með langa og brúna fingur, góðleg andlit, hlæja djúpum, dillandi hlátri (sérstaklega eftir kvöldmat sem er tvisvar á dag sé hægt að koma því við). Jæja, nú veistu nógu mikið um hobbita til að geta haldið áfram. Eins og ég sagði var mamma þessa hobbita, ég á við hann Bilbó Bagga, hin fræga Belladonna Tókadóttir, ein af þremur merkisdætrum hans Tóka gamla, höfðingja hobbitanna sem bjuggu hinum

ÓVÆNTIR GESTIR

megin við Ána, sem var lítil á sem rann meðfram Hólnum. Sagan segir (aðrar fjölskyldur segja þessa sögu) að fyrir langa, langa löngu hljóti einn af forfedrum Tókafjölskyldunnar að hafa gift álfamær, sem er auðvitað algjör fjarstæða. Engu að síður var þessi hobbitafjölskylda ekki mjög hobbitaleg, meira að segja áttu fjölskyldumeðlimir það til að halda á vit ævintýra, einn og einn í einu. Þeir létu sig hverfa svo lítið bæri á og fjölskyldan minntist aldrei á það, en þetta leiddi til þess að ekki var jafnmikil virðing borin fyrir Tóka-fjölskyldunni og Bagga-fjölskyldunni, þrátt fyrir að Tókarnir væru án vafa miklu ríkari.

Belladonna Tókadóttir hélt svo sem aldrei í neinar ævintýraferðir eftir að hún giftist Bungó Bagga. Bungó, sem sagt pabbi Bilbós, byggði einhverja þá allra flottustu hobbitaholu handa henni (og gerði það reyndar að hluta til með hennar peningum) sem til var á byggðu bóli eða nálægt Hólnum, hvort sem það var undir Hólnum eða handan við Hólinn eða hinum megin við Ána og þar bjuggu þau hjónin alla sína tíð. Engu að síður verður að segjast eins og er, að þrátt fyrir að Bilbó, einkasonur Belladonnu, liti nánast út og hegðaði sér eins og yngri útgáfa af hinum trausta og þægilega föður sínum, var samt eins og hann hefði fengið eitthvað af þessum ævintýragenum úr móðurfjölskyldunni. Það var eins og þessi gen hefðu legið í dvala og beðið færís að láta til sín taka. Tækifærið lét þó á sér standa þar til Bilbó Baggi var orðinn fullorðinn, svona um það bil fimmtugur eða svo, og bjó í fallegu hobbitaholunni sem faðir hans hafði byggt og ég var að enda við að lýsa fyrir þér og virtist hafa komið sér þar fyrir til framtíðar.

Dag einn fyrir langa löngu þegar heimurinn var í kyrrð og ró, þegar hávaði fyrirfannst varla og allt var grænna og hobbitar voru enn þá fjölmargir og höfðu það gott, stóð Bilbó Baggi við útidyrnar stuttu eftir að hafa borðað morgunmat og reykti gifurlega langa trépípu sem náði næstum því niður á vel kembdar og ullarlagðar tærnar – birtist þá ekki Gandalfur alveg fyrirvaralaust. Sjálfur Gandalfur! Þótt þú hefðir heyrt aðeins fjórðung af því sem ég hef heyrt um hann, og ég sem

HOBBITINN

hef aðeins heyrt brot af því sem sagt er um hann, hefðir þú samt heyrt magnaðar sögur. Alls kyns sögur og ævintýri spruttu allt í kringum hann og á hinn undraverðasta hátt. Hann hafði ekki komið í heimsókn í Hólinn í óralangan tíma, ekki frá því að vinur hans Tóki gamli dó. Það var svo langt síðan hann hafði komið í heimsókn að hobbítarnir voru næstum því búnir að gleyma hvernig hann leit út. Hann hafði verið handan Hólsins og hinum megin við Ána í einhverjum erindagjörðum á eigin vegum frá því að margir hobbítanna voru enn þá bara lítil hobbítabörn.

Fyrir framan hinn grunlausa Bilbó stóð gamall maður með staf. Hann var með bláan, strýtulagaðan hatt, í langri grárri skikkju og með silfurlitaðan trefil sem sítt skeggið hékk yfir alveg niður fyrir mitti og í gríðarlega stórum svörtum stígvélum.

„Komdu sæll!“ sagði Bilbó og meinti það af öllu hjarta. Sól skein í heiði og grasið var eitthvað svo undurgrænt. En Gandalfur leit á hann undan miklum og löngum augabránum sem slúttu fram undir skuggsælu hattbarðinu.

„Hvað áttu við?“ sagði hann. „Ertu að segja að ég eigi að vera sæll, eða áttu við að ég sé sæll sama hvað mér finnst? Eða ertu að segja að þú sért sæll í dag eða það sé gott að vera til á þessum degi?“

„Allt sem þú sagðir,“ sagði Bilbó. „Þar að auki er þetta góður dagur til að reykja pípu utandyra! Ef þú átt pípu skaltu bara taka hana upp og ég skal gefa þér tóbak í hana. Ekkert liggur á, við höfum allan daginn!“ Síðan settist Bilbó á stól við útidyrnar, krosslagði fótleggina og blés frá sér fallegum, gráum reykhring sem leið upp í loft í heilu lagi og alla leið yfir Hólinn.

„Mjög fínt hjá þér!“ sagði Gandalfur, „en ég hef ekki tíma í einhverjar æfingar með reykhringi. Ég er að leita að einhverjum til að taka þátt í ævintýraferð sem ég er að skipuleggja og það ætlar að reynast mér þrautin þyngr.“

„Sem kemur ekki á óvart – ekki á þessum slóðum! Hér býr rölegt fólk og við höfum ekkert við ævintýri að gera. Þau eru ekkert nema leiðindi og til þess eins að raska rónni! Þau tefja

ÓVÆNTIR GESTIR

bara og láta mann verða of seinan í kvöldmatinn! Ég skil hreinlega ekki hvað fólk sér við ævintýri,“ sagði okkar maður, Bilbó Baggi, og stakk þumalfingri undir annað axlabandið og blés öðrum og jafnvel stærri reykhring út í loftið. Síðan tók hann upp bréf sem honum hafði borist um morguninn og byrjaði að lesa og þóttist ekki taka lengur eftir gamla manninum. Hann hafði ákveðið að sá gamli væri ekki maður að hans skapi og vildi að hann færi í burtu. Gamli maðurinn hreyfði sig hins vegar ekki. Hann stóð og hallaði sér fram á stafinn og horfði á hobbittann, þögull í bragði, allt þar til að Bilbó fór að ókyrrast og jafnvel reiðast.

„Vertu sæll!“ sagði hann loksins. „Við höldum ekki í ævintýraferðir hér, en takk samt! Þú gætir prófað handan við Hólinn eða hinum megin við Ána.“ Með þessum orðum átti hann við að samtali þeirra væri lokið.

„Sæll virðist þýða ansi margt í þínum huga!“ sagði Gandalfur. „Núna segirðu það til þess að losna við mig og að þú verðir ekki sæll fyrr en ég er farinn á braut.“

„Alls ekki, alls ekki, minn góði herra! Hvernig er þetta aftur, varstu búinn að segja mér hvað þú heitir?“

„Já, já, minn góði herra – og ég veit hvað þú heitir, Bilbó Baggi. Og þú veist nafn mitt þrátt fyrir að þú munir ekki að ég tilheyri því. Ég heiti Gandalfur og Gandalfur er ég! Að hugsa sér að ég skyldi lenda í því að sonur hennar Belladonna Tókadóttur sælaði mig rétt eins og ég væri einhver farandsali sem gengi milli húsa og byði látúnshnappa til sölu!“

„Gandalfur, sjálfur Gandalfur! Ó, nei! Þú ert þó ekki vitkinn flakkandi sem gaf Tóka gamla tvo demanta sem festu sig hvor við annan og losnuðu ekki fyrr en þeim var skipað að gera það? Þú ert þó ekki sögumaðurinn sem sagði allar skemmtilegu sögurnar í veislum, um dreka og drýsla og tröll og konungsdætur sem heimtar voru úr helju og fátæka, fjöðurlausa drengi sem óvænt dattu í lukkupottinn? Þú ert þó ekki maðurinn sem bjó til sérlega tilkomumikla flugelda? Ég man svo vel eftir þeim! Tóki gamli skaut þeim alltaf á loft á Jónsmessukvöldi. Það var svo dásamleg flugeldasýning! Þeir sprungu út sem stórar liljur og ljónsmunnar og gullregn á

himninum og svifu um í húminu allt kvöldið!“ Þú tekur eftir því að Bilbó Baggi var ekki alveg eins hversdagslegur og hann vildi líta út fyrir að vera og að hann var mjög hrifinn af blómum. „Ja hérna!“ hélt hann áfram. „Ekki þó sami Gandalfur og bar ábyrgð á að rólegustu stúlkur og drengir héldu í ævintýraför út í buskann? Fóru að klifra upp tré til þess að heimsækja álfa – nú eða sigla skipum til fjarlæggra stranda? Hjálpi mér, lífið var mjög áhugavert. Ég á við, þú gerðir eiginlega allt vitlaust hérna í gamla daga. Þú verður að afsaka, en ekki hélt ég að þú værir enn að þessu.“

„Hvað annað ætti ég að gera?“ svaraði vitkinn. „Hvað sem því líður er ég glaður að heyra að þú manst eitthvað eftir mér. Þú átt að minnsta kosti fallegar minningar um flugeldana mína og það er eitthvað. Ég skal verða við ósk þinni, vegna afa þíns, hans Tóka, og vesalings Belladonnu.“

„Afsakaðu mig, en ég bað ekki um neitt!“

„Jú, víst! Nú ertu búinn að biðja mig tvisvar – afsökunar – sem ég geri. Raunar ætla ég að ganga svo langt í þeirri viðleitni að ég ætla að senda þig í þessa ævintýraför. Mjög gaman fyrir mig og mjög gott fyrir þig, og líklega mjög ábatasamt líka, ef þú gefst ekki upp.“

„Fyrirgefðu, en ég vil ekki fara í neina ævintýraför, takk samt. Að minnsta kosti ekki í dag. Vertu sæll! Komdu endilega við og fáðu hjá mér tesopa – hvenær sem er! Eigum við að segja á morgun? Já, á morgun! Vertu sæll!“ Og um leið sneri Bilbó sér við og skaust inn um grænar, hringlaga dyrnar og lokaði eins fljótt og honum fannst tilhlýðilegt, til þess að sýna ekki ókurteisi. Það er nefnilega eins gott að hafa varann á sér þegar vitkar eru annars vegar.

„Hvers vegna í ósköpunum bauð ég honum í te?“ sagði hann við sjálfan sig um leið og hann gekk inn í búið. Hann var nýbúinn að borða morgunmat en honum fannst að ein eða fleiri kökusneiðar myndu gera honum gott, einhverja hressingu þyrfti hann eftir þetta allt.

Á meðan stóð Gandalfur áfram úti og hló lágum rómi með sjálfum sér. Eftir drygklanga stund gekk hann upp að dyrunum og með oddhvössum enda stafisins risti hann

ÓVÆNTIR GESTIR

eitthvert furðulegt tákni á fallega grænar útidyrnar. Síðan arkaði hann stórum skrefum í burtu, um það leyti sem Bilbó var að klára seinni kökusneiðina og var farinn að finna fyrir vellíðan yfir því að hafa sloppið svona vel frá því að fara í ævintýraför.

Daginn eftir var hann næstum búinn að gleyma heimsókn Gandalfs. Hann var ekki með sérlega gott minni en mundi vel það sem hann skrifaði niður á minnistöfluna sína, eins og eitthvað svona til dæmis: *Gandalfur í te – miðvikudag*. En því miður hafði hann verið í of miklu uppnámi í gær til þess að muna eftir að skrá það niður.

Rétt fyrir eftirmiðdagstetíma glumdi dyrabjallan af því líku offorsi og þá mundi hann það! Hann flýtti sér að setja ketilinn á helluna og lagði annað bollapar á borðið, ásamt köku, eða nokkrum kökum, og svo hljóp hann til dyra.

„Fyrirgefðu að ég skyldi láta þig bíða svona!“ ætlaði hann að fara að segja þegar hann sá að þetta var alls ekki Gandalfur. Þetta var dvergur með blátt skegg sem hann hafði fest undir gylltu belti, með mjög björt augu undir dökkgrænni húfu. Um leið og dyrnar opnuðust gekk hann inn, rétt eins og hann ætti heima þarna.

Hann hengdi skikkjuna og húfuna á næsta snaga og sagði: „Dvalinn heiti ég, til þjónustu reiðubúinn!“ um leið og hann hneigði sig djúpt.

„Bilbó Baggi hér, líka til þjónustu reiðubúinn!“ sagði hobbitinn of undrandi til þess að geta komið út úr sér einni einustu spurningu. Þegar þögnin sem fylgdi í kjölfarið var orðin yfirþyrmandi bætti hann við: „Ég var einmitt að setja ketilinn yfir, viltu ekki koma og fá þér tesopa og með því?“ Ef til vill virtist hann svolítið þvingaður og stífur en hann meinti þetta samt af öllu hjarta. Og hvað heldurðu að þú myndir gera ef dvergur myndi óvænt banka upp á heima hjá þér, fara úr yfirhöfninni og hengja upp á snaga án þess að gefa neina útskýringu?

Þeir höfðu ekki setið við borðið lengi, raunar voru þeir ekki einu sinni byrjaðir á þriðju kökusneiðinni þegar dyrabjallan glumdi á ný og jafnvel hærra.

„Hafðu mig afsakaðan eitt andartak,“ sagði hobbitinn og fór til dyra.

„Þú ert þá loksins kominn!“ ætlaði hann að segja við Gandalf í þetta sinn en þetta var alls ekki Gandalfur. Þess í stað stóð dvergur á dyrabrepinu, mjög gamall að sjá, með hvítt skegg og rauða húfu. Sá gerði eins og hinn fyrri, gekk inn um leið og dyrnar opnuðust, eins og hann ætti heima þarna.

„Nú, þeir eru þá byrjaðir að láta sjá sig,“ sagði hann þegar hann kom auga á græna skikkju Dvalins hangandi á snaganum. Hann hengdi skikkju sína við hlið hinnar og sagði: „Balinn heiti ég, til þjónustu reiðubúinn!“ með hönd á hjartastað.

„Þakka þér fyrir!“ sagði Bilbó á innsoginu. Hann vildi ekki segja neitt, en þessi setning: *Nú, þeir eru þá byrjaðir að láta sjá sig* hafði farið algjörlega þvert ofan í hann. Honum fannst gaman að fá gesti en vildi þó vita hverjir þeir væru áður en þeir mættu og helst vildi hann líka bjóða þeim sjálfur. Hann fékk þann hræðilega grun að hann ætti ekki nógu mikið af kökum og að hann – sem gestgjafi þekkti hann sínar skyldur og gegndi þeim hversu sársaukafullar sem þær voru – gæti þá kannski ekki fengið sér sjálfur.

„Gakktu í bæinn og fáðu þér tesopa!“ náði hann að stynja upp með því að draga fyrst djúpt andann.

„Ég væri nú eiginlega frekar til í smá mjöð, ef þér er sama, minn góði herra,“ sagði Balinn með hvíta skeggið. „Svo er ég alveg til í kökur – kannski kryddköku, ef þú átt.“

„Meira en nóg til af kryddkökum!“ heyrði Bilbó sig segja sér til mikillar undrunar og svo flýtti hann sér niður í kjallara til að fylla á könnu af miði og inn í búr og náði í tvær bústnar og hringlaga kryddkökur sem hann hafði bakað í eftirmiðdaginn og ætlað að hafa í eftirrét fyrir sig um kvöldið.

Þegar hann kom aftur upp voru Balinn og Dvalinn að tala saman við borðið eins og þeir væru gamlir vinir (raunar voru þeir bræður). Þegar Bilbó skellti könnunni á borðið og kökunum fyrir framan þá, glumdi enn einu sinni í dyrabjöllunni og svo aftur.

ÓVÆNTIR GESTIR

„Nú er þetta örugglega Gandalfur,“ hugsaði hann með sjálfum sér um leið og hann gekk móður og mäsandi eftir ganginum að útidyrnum. En nei, þetta var ekki Gandalfur. Þarna stóðu tveir dvergar, báðir með bláar húfur, belti úr silfri, gulleit skegg og báðir héldu þeir á poka með áhöldum og skóflu. Inn gengu þeir um leið og dyrnar opnuðust – Bilbó var alveg hættur að kippa sér upp við þetta.

„Hvað get ég gert fyrir ykkur, kærur dvergar?“ sagði hann.

„Kjalar, til þjónustu reiðubúinn!“ sagði annar þeirra.

„Fjalar hér!“ bætti hinn við um leið og þeir sveifluðu af sér skikkjunum og hneigðu sig.

„Og ég, fyrir ykkur og fjölskyldu ykkar!“ sagði Bilbó sem gætti þess að vera kurteis í þetta sinn.

„Ég sé að Dvalinn og Balinn eru þegar mættir,“ sagði Kjalar. „Nú skulum við slást í hópinn!“

„Hópinn!“ hugsaði Bilbó Baggi með sér. „Þetta hljómar ekki vel. Ég verð virkilega að setjast niður og hugsa mitt ráð og fá mér tesopa.“ Hann var rétt búinn að fá sér sopa – þar sem hann sat úti í horni á meðan dvergarnir fjórir sátu við borðið og töluðu um námur og gull og vandamálið með drýslana og sviðna jörð eftir drekana og margt, margt fleira sem hann botnaði ekkert í og vildi ekki heldur botna í, því að þetta hljómaði allt mjög ævintýrlega – þegar heyrðist *ding-dong-a-ling-dang* í dyrabjöllunni eins og lítill og óþekkur hobbitastrákur væri að reyna að eyðileggja hana.

„Einhver er kominn!“ sagði hann og deplaði augunum.

„Ætli þeir séu ekki fjórir, heyri ekki betur,“ sagði Fjalar.

„Við Sáum líka til þeirra í fjarska þegar við vorum á leiðinni.“

Vesalings litli hobbitinn settist niður í holinu og greip um höfuð sér. Hann velti fyrir sér hvað væri eiginlega að gerast og hvað myndi gerast og hvort þeir ætluðu allir að borða kvöldmat. Svo hringdi dyrabjallan aftur, herra en nokkru sinni, og hann varð að hlaupa til dyra. Í ljós kom að þeir voru alls ekki fjórir, heldur *fimm*. Einn dvergur hafði bæst í hópinn meðan Bilbó hafði engst um í anddyrinu. Vart hafði hann snúið dyrannúðnum þegar þeir voru allir komnir inn, hneigðu sig og sögðu allir sem einn: „Til þjónustu reiðubúinn.“ Þetta voru þeir Dóri, Nóri,

HOBBITINN

Óri, Óinn og Glóinn og brátt hengu tvær fjólbláar húfur, ein grá, ein brún og ein hvít á snögunum og þeir þrömmuðu með breiðar hendur sínar í gylltum og silfrudum beltunum inn til hinna. Þetta var nú þegar orðinn allstór hópur. Sumir vildu fá mjöð, en aðrir maltöl, einn vildi kaffi en allir þáðu þeir kökur og af þessu leiddi að hobbitinn var mjög upptekinn um tíma.

Inni í eldstæðinu stóð stór kaffikanna full af heitu kaffi, kryddkökurnar voru búnar og dvergarnir voru byrjaðir að gæða sér á skonsum með smjöri þegar allt í einu heyrðist hátt barið að dyrum.

Þetta var ekki bjölluhringing, heldur var bankað harkalega á undurfallega og græna útidyrhurð hobbitans. Einhver var að banka á hana með staf!

Bilbó flýtti sér út ganginn, hann var öskureiður og fullkomlega ringlaður og ráðalaus – hann mundi ekki eftir jafn undarlegum miðvikudegi. Hann opnaði útidyrnar með sveiflu og inn féllu þeir, einn ofan á annan. Fleiri dvergar, fjórir í viðbót! Og þarna var Gandalfur fyrir aftan þá, hallaði sér fram á stafinn og hló. Hann hafði gert ansi stóra dæld í fallegu hurðina og þar að auki hafði hann fjarlæggt leynitáknið sem hann skrapaði á hana morguninn áður.

„Varlega! Varlega!“ sagði hann. „Það er ekki líkt þér, Bilbó, að láta vini þína bíða við útidyrnar og opna síðan með svona hveli! Hvað um það, hér eru þeir Bifur, Bófur, Vambi og síðast en ekki síst hann Þórin.“

„Til þjónustu reiðubúinn!“ sögðu þeir Bifur, Bófur og Vambi, sem stóðu allir í röð. Síðan hengdu þeir tvær gular húfur á snagana og eina ljósgræna, svo var líka ein himinblá með löngum silfurskúf. Þá átti Þórin sem var gríðarlega mikilvægur dvergur, þetta var raunar enginn annar en sjálfur Þórin Eikinskjaldi, sem var allt annað en skemmt við að hafa lent flatur á dyramottu Bilbós, með þá Bifur, Bóf og Vamba ofan á sér. Fyrir það fyrsta var Vambi mjög frjállega vaxinn og þungt í honum pundið. Þórin var bersýnilega mjög fúll og minntist ekki á neina þjónustu en vesalings Bilbó Baggi afsakaði sig svo oft og mörgum sinnum að hann neyddist til að segja „ekkert mál“ og fýlusvipurinn hvarf.

ÓVÆNTIR GESTIR

„Jæja, við erum þá allir mættir!“ sagði Gandalfur er hann horfði á húfurnar þrettán sem hengu á snögunum – þær finustu sem þeir áttu – og hattinn sinn við hliðina. „Aldeilis skemmtilegur hópur! Ég ætla að vona að eitthvað sé eftir handa okkur sem komum seint, bæði matur og drykkur! Hvað segirðu: Te? Nei, takk! Frekar að ég þiggi smá dreitil af rauðvíni.“

„Og ég líka,“ sagði Þórinn.

„Og hindberjasultu og eplaköku,“ sagði Bifur.

„Og litlar ávaxtabökur og osta,“ sagði Bófur.

„Og grísaböku og salat,“ sagði Vambi.

„Og meira af kökum – og öli – og kaffi, svona í leiðinni,“ kölluðu hinir dvergarnir inn í eldhús.

„Sjóddu nokkur egg, kæri félagi!“ hrópaði Gandalfur á eftir hobbitanum þegar hann þrammaði inn í búr. „Væri líka fínt að fá kaldan kjúkling og súrsaðar gúrkur!“

„Það er eins og þeir viti eins vel og ég hvað er til í búrinu!“ hugsaði Bilbó Baggi með sér alveg sleginn út af laginu og fór að velta fyrir sér hvort eitthvert hræðilegt ævintýri hefði ratað beint heim til hans. Þegar hann hafði safnað saman öllum flöskum, diskum, hnífum og göfflum og glösum og fötum og skeiðum og þessu öllu verið staflað hátt upp á gríðarstóra bakka var hann orðinn kafríjóður í framan, mjög heitt og öskuillur.

„Argans, fargans dvergar!“ sagði hann upphátt. „Hvers vegna koma þeir ekki og hjálpa til?“ En viti menn! Birtast þá ekki Balinn og Dvalinn í dyragættinni í eldhúsinu og Fjalar og Kjalar á eftir þeim og áður en hann gat stunið upp *einu orði* voru þeir búnir að taka bakkana og tvö lítil borð og fara með inn í borðstofu og raða öllu snyrtilega upp.

Gandalfur sat í heiðursætinu og dvergarnir þrettán sátu í kringum borðið. Bilbó hafði tyllt sér á koll við arininn og nartaði í kekköku (hann hafði alveg misst matarlystina) og reyndi að láta sem ekkert væri og allra síst að nú væri ævintýraför að hefjast. Dvergarnir átu og átu, töluðu og töluðu, og tíminn leið. Loks ýttu þeir stólunum frá borðinu og Bilbó gerði sig líklegan til að ganga frá diskum og glösum.

HOBBITINN

„Ég býst við að þið ætlið að borða kvöldmat hérna?“ spurði hann eins kurteislega og látlaust og hann gat.

„Að sjálf sögðu!“ sagði Þórinn. „Og meira en það. Við verðum ekki búnir að skipuleggja okkur fyrr en seint og um síðir en fyrst verðum við að fá smá tónlist. Jæja, gangið nú frá!“

Við það þustu tólf dvergar á fætur og stöfluðu leirtaui í háa stafla – ekki þó Þórinn, hann var of mikilvægur og hélt áfram að rabba við Gandalf. Inn í eldhús þrömmuðu þeir án þess að bíða eftir bökkum heldur héldu þeir á diskunum í háum stöflum í annarri hendi, hver með flösku efst, og létu þá dansa jafnvægisdans en hobbitinn hljóp á eftir þeim svo felmtri sleginn að þegar hann sagði: „Passið ykkur!“ og „Æ, ég skal sjá um þetta!“ hljómaði það nánast eins og ískur. En dvergarnir brustu í söng:

*Brjótið glösin og bramlið allt nýtt.
Beyglið potta og hnífapör.
Það finnst Bilbó Bagga skítt.
Borðum veltum — því nú er fjör.*

*Klippið dúkinn og klístrið öll gólf.
Kastið mjólkinni upp á vegg.
Troðið beinum í búr og hólf.
Brjótið reglur og fáein egg.*

*Diskunum hendum í heitan pott.
Hrærum vel og fast — og oft.
Ef eitthvað er heilt er alltaf gott
að endasenda það hátt á loft.*

*Það finnst Bilbó þungt og skítt,
— en það er svosem ekkert nýtt!*

Auðvitað gerðu þeir ekkert af þessum hræðilegu hlutum sem þeir sungu um heldur var allt þvegið upp og frá því gengið inn í skápa á örskotsstundu, á meðan hobbitinn snerist í hringi í miðju eldhúsinu og reyndi að átta sig á hvað þeir væru að

ÓVÆNTIR GESTIR

gera. Síðan fóru þeir aftur inn í borðstofu og þar sat Þóririnn með fæturna uppi á arinhlífinni og var að reykja pípu. Hann sendi frá sér gríðarstóra reykhringi sem fóru þangað sem hann sagði þeim að fara – upp strompinn, bak við klukkuna á skennum, eða undir borðið, hring eftir hring í loftinu; en hvert sem þeir fóru gátu þeir ekki sloppið við Gandalf, því hann sendi minni reykhringi frá stuttu leirpípunni sinni í gegnum hvern einasta reykhring sem Þóririnn sendi frá sér. Síðan urðu reykhringir Gandalfs grænir og komu aftur til hans, þá sveimuðu þeir yfir höfði vitkans. Það hafði myndast lítið ský af reykhringjum í loftinu og í daufri birtu húmsins virtist hann skyndilega eins og framandi galdrakarl. Bilbó stóð kyrr og fylgdist með – honum fannst svo gaman að reykhringjum – og svo fór hann hjá sér þegar hann hugsaði til þess að hann hafði verið svo stoltur af reykhringjunum sem hann sendi út í vindinn og yfir Hólinn í gærmorgun.

„Jæja, nú skulum við fá tónlist!“ sagði Þóririnn. „Komið með hljóðfærin.“

Kjalar og Fjalar flýttu sér að ná í poka sína og komu til baka með litlar fiðlur. Dóri, Nóri og Óri drógu fram flautur sem þeir höfðu geymt einhvers staðar innan í jökkum sínum. Vambi náði í trommu sem geymd hafði verið inni á gangi. Bifur og Bófur fór líka á stjá og komu til baka með klarínettur sem þeir höfðu geymt hjá göngustöfunum. Dvalinn og Balinn sögðu í kór: „Afsakið, en ég skildi mína eftir fyrir utan!“ „Náið í mína í leiðinni!“ sagði Þóririnn. Þeir komu aftur hvor með sína víóluna sem voru jafn stórar þeim sjálfum og hörpu Þórisins sem vafin var í grænan klút. Þetta var gullharpa, mjög falleg og um leið og Þóririnn byrjaði að spila hófu þeir allir leik svo skyndilega og dásamlega að Bilbó gleymdi bæði stund og stað og tónlistin hreif hann inn í rökkvuð lönd með framandi mánum, langt í burtu frá Ánni og mjög langt frá hobbitalholunni hans í Hólnum.

Myrkrið læddist um lítinn glugga á hlið Hólsins, birtan frá arninum flókti – þetta var í aprilmánuði – en þrátt fyrir það héldu þeir áfram að spila og skugginn af skeggi Gandalfs dillaði sér á veggnum.

HOBBITINN

Næturhúmið fyllti stofuna og loginn í arninum dó út og skuggarnir hurfu en samt héldu þeir áfram að spila. Og allt í einu fór einn af öðrum að syngja, djúpraddaður söngur dverganna á sér djúpar og fornar rætur. Hér er brot af söngnum þeirra, ef söng má kalla þegar ekkert er undirspilið:

*Um Þokufjöllin þung er slóð
við þrengsli myrk og næturhljóð.
Með markið hátt við höldum brátt
að heimta aftur gleymdan sjóð.*

*Að fornu dvergar frömdu seið,
féllu högg á sverðin breið
í opnum sal við eldsins hjal
— en undir niðri myrkrið beið.*

*Álfahirð og höfðingjar
helga gripi fengu þar.
Birta hrein af skarti skein
skreyttu hjöltu gimsteinar.*

*Á silfurfestar bundu blik
af björtum stjörnum, drekahvin
í eðalstein, með augu kvik
þeir ófu sól- og mánaskin.*

*Um Þokufjöllin þung er slóð
við þrengsli myrk og næturhljóð.
Með markið hátt við höldum brátt
að heimta aftur gleymdan sjóð.*

*Bikara þeir bjuggu sér
og bliðan hljóð; hvar enginn fer
Þar dægrið löng við ljúfan söng
þeir dvöldu fjarri mér og þér.*

ÓVÆNTIR GESTIR

*Sig furutréin hófu hátt
þar heyrðist gráta norðanátt.
Uns rauðum eldi ofurseld
þau óttuhiminn lýstu brátt.*

*Þá glumdu hljóð um djúpan dal
og drunginn gleypti fjallasal.
Þar drekans heift í huga greypt
hugprýði og frelsi stal.*

*Reykur fyllti fjallsins gátt
þá flúðu dvergar illan mátt
við mánaskin og drekans dyn
um dimma harmi fyllta nátt.*

*Um Þokufjöll með þennan dóm
við þrengsli myrk og næturóm.
Með markið hátt við höldum brátt
að heimta gull úr drekans klóm.*

Á meðan söngurinn ómaði skynjaði hobbitinn þá alúð sem lögð er í listilega handgerða muni og fyrir einhvers konar töfra, eða ef til vill kænsku, fór um hann tilfinning ágirndar og græðgi, en það er sú þrá sem býr í hjarta dverganna. Þá var eins og Tókinn í honum vaknaði og hann fann allt í einu löngun til þess að fara og sjá hrikaleg fjöll og heyra í furutrjám og fossum, skoða hella og bera sverð í stað göngustafs. Hann leit út um gluggann. Stjörnurnar skinu skært á dökkum himninum, hátt yfir trjánum. Honum varð hugsað til skartgripanna sem dvergarnir áttu og leiftruðu í myrkum hellum. Allt í einu birtist skær logi á himni hinum megin við Ána – líklega var einhver að kveikja varðeld í skóginum – og þá varð honum hugsað til drekanna sem öllu rændu og myndu örugglega setjast á rólega Hólinn hans og kveikja í öllu. Hann hryllti við tilhugsuninni og við það varð hann aftur réttur og sléttur Bilbó Baggi í Hólnum við Baggagötu.

Hann stóð skjálfandi á fætur. Hann langaði ekki að sækja lampann, frekar vildi hann þykjast fara að sækja hann og fela sig þess í stað bak við öltunnurnar í kjallaranum og koma ekki fram fyrr en allir dvergarnir væru farnir á braut. Hann heyrði skyndilega að tónlistin og söngurinn voru hætt að hljóma og sá að þeir horfðu allir á hann með augum sem geisluðu í rökkrinu.

„Hvert ertu að fara?“ spurði Þóririnn. Hann hljómaði eins og hann hefði verið að lesa hugsanir hobbitans.

„Viljið þið ekki fá smá birtu?“ sagði hann hálfafsakandi.

„Við elskum myrkur,“ sögðu allir dvergarnir í kór. „Myrkur fyrir myrkar áætlanir! Það er langt í sólarupprás.“

„Auðvitað!“ sagði Bilbó og settist strax niður, nema hann hitti ekki á kollinn heldur lenti á arinhlífinni og felldi skörunginn og skófluna í gólfið með braki og brestum.

„Hljóð!“ sagði Gandalfur. „Hlustum á hvað Þóririnn hefur að segja!“ Svo hóf Þóririnn mál sitt.

„Kæri Gandalfur, dvergar og Bilbó Baggi! Við erum hér saman komnir í húsi vinar okkar og samsærisfélaga, þessa hreint ágæta og hugumdjarfa hobbita – megi hárið á tánum hans aldrei detta af! Heyr, heyr fyrir góðum veitingum hans!“ Hann þagnaði eitt andartak til að ná andanum og til þess að leyfa hobbitanum að þakka fyrir hrósið en því miður fór það alveg fyrir ofan garð og neðan hjá vesalings Bilbó Bagga, sem hreyfði munninn og mótmælti því að vera kallaður *hugumdjarfur* og hinu sem var enn verra: *Samsærisfélagi*, samt heyrðust engin orð koma úr munni hans, svo ringlaður var hann. Þóririnn hélt máli sínu áfram:

„Við erum hér saman komnir til þess að ræða áætlanir okkar, aðferðir, markmið, stefnur, tæki og tól. Senn líður að því að við höldum af stað í okkar löngu ferð fyrir dagrenningu, ferð sem sumir okkar eða jafnvel allir (nema vinur okkar og ráðgjafi, hinn bráðsnjalli vitki, sjálfur Gandalfur) snúa mögulega aldrei aftur heim úr. Þetta er hátiðleg stund. Tilgangurinn er okkur öllum ljós, að ég best veit. Engu að síður er nauðsynlegt að útskýra stöðuna eilítið fyrir einum eða tveimur af yngstu dvergum (ég held að megi alveg nefna hér þá Kjalar og Fjalar) og virðulegum vini okkar, Bilbó Bagga.“

ÓVÆNTIR GESTIR

Þarna var Þóririnn í essinu sínu. Hann var mikilvægur dvergur. Ef hann hefði fengið að ráða hefði hann örugglega haldið áfram þangað til hann var orðinn lafmóður og ekki sagt neitt sem allir viðstaddir vissu ekki þegar. Hins vegar var hann truflaður á mjög ruddalegan hátt. Vesalings Bilbó þoldi ekki lengur við. Þegar hann heyrði *snúa mögulega aldrei heim* fann hann angistaróp myndast innra með sér og svo braust það út úr munni hans eins og lest sem kemur flautandi út úr jarðgöngum. Allir dvergarnir stukku á fætur og við það fór borðið á hliðina. Gandalfur kveikti blátt ljós á stafendanum og í flugeldalegum bjarma þess gat að líta vesalings hobbitann á hnjónum við arinmottuna, skjálfandi eins og ávaxtahlauþ sem var að bráðna í hitanum. Síðan féll hann flatur á gólfið og kallaði í sífellu „Lostinn eldingu, lostinn eldingu!“ aftur og aftur og það var það eina sem þeir fengu upp úr honum í langan tíma. Þeir ákváðu því að taka hann upp og leggja hann í sófann í stofunni og skildu eftir eitthvað handa honum að drekka á borðinu. Síðan fóru þeir aftur að skipuleggja myrkraverk sín.

„Mikil tilfinningavera er hann vinur okkar,“ sagði Gandalfur þegar þeir settust aftur niður. „Hann fær þessi undarlegu köst, en hann er samt einn af þeim bestu, fremstur meðal jafningja – eins eldmóðugur og dreki í sjálfheldu.“

Ef þú hefur einhvern tíma séð dreka í sjálfheldu veistu að þetta var skáldlega ýkt staðhæfing sem notuð var um alla hobbita, meira að segja langafabróður Tóka gamla, hann Nautgný, sem var svo stór (af hobbita að vera) að hann gat setið á stríðshesti í orrustum. Hann var í herliðinu sem réð niðurlögum drýslanna í Gramfjalli í Grænuvallabardaganum og það var hann sem með trékylfu hjó höfuðið af foringja þeirra, honum Golfhaus, þannig að það flaug næstum hundrað metra og féll svo ofan í kanínuholu. Á sömu stundu var bardaginn unninn og til varð sú íþrótt sem kölluð er golf.

Á meðan sagan var sögð var mildari afkomandi Nautgnýs allur að braggast í stofunni. Eftir stutta hvíld og smá hressingu læddist hann, kvíðinn í huga, að dyragættinni. Þá heyrði hann Glóin segja: „Úff!“ (eða eitthvað í þá áttina). „Haldið þið að

hann leggi í þetta? Gandalfur getur talað um hversu eldmóðugur hann er en einn svona skrækur á ögurstundu væri nóg til þess að vekja drekann og alla hans ætt og þá værum við allir svo gott sem dauðir. Mér fannst þetta gól vera meira í ætt við ótta en tilhlökkun! Ég verð líka að segja að ef það hefði ekki verið fyrir táknið á hurðinni væri ég ekki viss um að við værum í réttu húsi. Ég fékk mínar efasemdir um leið og ég sá þennan litla náunga engjast um á arinmottunni. Hann er líkari ávaxtasala en innbrotspjófi!“

Við það sneri Bilbó hurðarhúninum og gekk inn. Tókahliðin í honum hafði tekið völdin. Skyndilega fannst honum að hann þyrfti að sleppa því að sofa í rúmi og sleppa morgunverði til að sanna að hann væri eldmóðugur. Að heyra talað um sig sem *litla náungann sem engdist um á arinmottunni* var næstum því nóg til að gera hann verulega eldmóðugan. Margoft síðar lét Baggahliðin í honum hann sjá eftir ákvörðuninni sem hann tók á þessari stundu og sagði við hann: „Bilbó Baggi, mikið óttalegt fífl getur þú verið. Þú gekkst beinustu leið í gildruna.“

„Afsakið,“ sagði hann, „ef ég hef óvart heyrt það sem ykkur fór á milli. Ég ætla nú ekki að þykjast skilja það, hvað þá þetta tal um innbrotspjóf, en er ekki rétt skilið hjá mér,“ (nú vildi hann verja heiður sinn), „að ykkur líst hreint ekki á mig? Ég skal sýna ykkur hvað í mér býr. Ég er ekki með neitt táknið á hurðinni – hún var máluð fyrir viku – og ég er nokkuð viss um að þið séuð ekki í réttu húsi. Um leið og ég sá þessar furðulegu verur við útidyrnar fékk ég líka mínar efasemdir. En ég býð mig fram. Segið mér hvert verkefnið er og ég skal gera mitt besta, þótt ég þurfi að ganga austur fyrir austasta fjall og berjast við villta vargorma í fjarlægustu eyðimörk. Einu sinni átti ég lang-lang-lang-langafaföðurbróður sem hét Nautgnýr Tókason og hann–“

„Já, já, við vitum það en það er svo langt síðan,“ sagði Glóinn. „Ég var hins vegar að tala um þig. Svo vil ég fullvissa þig um að það er táknið á hurðinni – þetta hefðbundna, eða eins og það var alltaf í gamla daga. *Innbrotspjófur tilbúinn í góð og spennandi verkefni fyrir sanngjarna þóknun*, þannig hljómaði

það venjulega. Það er líka hægt að segja *Afbragðs fjársjóðsleitari* í stað þess að segja *innbrotshjófur*, ef þér finnst það betra. Sumir vilja það frekar. Breytir engu fyrir okkur. Gandalfur sagði okkur að hér um slóðir væri einhver að leita sér að svona verkefni og að hann hefði komið teboði í kring á þessum miðvikudegi.“

„Auðvitað er táknið,“ sagði Gandalfur. „Ég skar það sjálfur út. Það var nú góð ástæða fyrir því. Þið báðuð mig að finna fjórtánda liðsmanninn í þessa ferð og ég valdi Bilbó Bagga. Þið skuluð bara segja að ég hafi valið rangan mann eða rangt hús og þið skuluð þá bara vera þrettán liðsmenn og fá yfir ykkur allt það ólán sem ykkur lystir, eða fara aftur í kolanámurnar.“

Hann gretti sig svo illilega framan í Glóin að dvergurinn hnipraði sig ofan í stólinn og þegar Bilbó reyndi að bera fram spurningu sneri hann sér við mjög brúnaþungur svo að Bilbó snarhætti við. „Einmitt,“ sagði Gandalfur. „Nú er nóg komið af þvargi. Ég valdi Bilbó Bagga og það ætti að duga ykkur. Ef ég segi að hann sé innbrotshjófur, þá er hann innbrotshjófur eða verður það þegar þar að kemur. Í honum býr miklu meira en ykkur grunar og töluvert meira en hann hefur sjálfur hugmynd um. Ef þið lifið förina af eigið þið eftir að þakka mér fyrir þetta. Jæja þá, Bilbó, kæri vinur, náðu nú í lampann og lýsum aðeins upp í kringum okkur!“

Í ljóstýrunni frá lampanum með rauða skerminum breiddi hann úr skinnrollu sem líktist landakorti á borðið.

„Þórin, þennan uppdrátt gerði afi þinn, hann Þrór,“ sagði Gandalfur þegar spurningum frá æstum dvergum rigndi yfir hann. „Þetta er uppdráttur af Fjallinu eina.“

„Ég veit ekki hvernig þetta á eftir að hjálpa okkur,“ sagði Þórin vonsvikinn eftir að hafa skoðað kortið. „Ég man alveg nógu vel eftir Fjallinu og landinu þar í kring. Þar að auki veit ég hvar Myrkviður er og Visnuheiðar, þar sem drekarnir voru.“

„Hér á Fjallinu er teiknaður dreki með rauðu bleki,“ sagði Balinn, „en það á nú ekki eftir að þvælast fyrir okkur að finna hann, ef við þá komumst þangað yfirhöfuð.“

„Einu hafið þið ekki tekið eftir,“ sagði vitkinn, „og það eru

leynigöngin. Sjáið rúnatáknið hérna vestan megin og höndina sem bendir á það frá hinum rúnatáknunum? Þetta þýðir leynigöng niður í neðri sali.“ (Ef þú skoðar kortið sem er fremst í bókinni geturðu séð þessi rúnatákn).

„Einhvern tíma hafa þetta vel getað verið leynigöng,“ sagði Þórinn, „en hvernig vitum við að svo sé enn? Smeyginn gamli hefur búið þarna nógu lengi til þess að komast að öllum leyndardómum hellanna.“

„Það getur vel verið – en hann getur ekki hafa notað þau árum saman.“

„Hvers vegna ekki?“

„Vegna þess að þau eru of lítil. Rúnirnar segja: „Einn og hálfur metri að hæð eru dyrnar og einn metri á breidd eru göngin og þrír geta gengið þar saman,“ og Smeyginn gæti ekki troðið sér inn í svo litla holu, ekki einu sinni þegar hann var ungur dreki og alveg örugglega ekki eftir að hafa étið svona marga dverga og fólkið í Dölunum.“

„Mér sýnist þessi hola vera ágætlega stór,“ sagði Bilbó með hálfskrækri röddu (hann sem hafði nákvæmlega enga reynslu af drekum og einu holurnar sem hann þekkti voru hobbitaholur). Hann var aftur orðinn spenntur og áhugasamur og þess vegna gat hann ekki annað en lagt orð í belg. Ekkert fannst honum skemmtilegra en að skoða landakort og í forstofunni hékk stórt kort af sveitinni í kring með uppáhalds gönguleiðum hans teiknuðum inn með rauðu bleki. „Hvernig er eiginlega hægt að halda svona stórum dyrum leyndum fyrir öllum nema drekanum?“ spurði hann. Þú verður að muna að hann var aðeins lítill hobbiti.

„Það er ekkert mál,“ sagði Gandalfur. „Hins vegar getum við ekki sagt fyrir víst hvernig á því stendur með þessar dyr án þess að skoða þær fyrst. Miðað við hvað stendur á kortinu býst ég við að hurðin hafi verið gerð þannig að hún falli algjörlega inn í Fjallið. Það er venjan hjá dvergum – mér sýnist það vera málið.“

„Það er rétt hjá þér,“ sagði Þórinn.

„Þar að auki,“ hélt Gandalfur áfram, „gleymdi ég að minnast á lykilinn sem fylgdi kortinu, þetta er lítill og

furðulegur lykill. Hér er hann!“ sagði hann og rétti Þórni langan silfurlykil með mörgum skörðum. „Passaðu vel upp á hann!“

„Það mun ég svo sannarlega gera,“ sagði Þórinn um leið og hann festi lykilinn á fallega keðju sem hékk um háls hans undir jakkanum. „Nú er mér farið að lítast vel á þetta. Þessar fréttir breyta öllu til hins betra. Hingað til höfum við ekki almennilega vitað hvert við ættum að halda. Við ætluðum að stefna í austur, án þess að nokkur tæki eftir og alveg til Langafjöts. Þá myndu vandræðin hefjast—“

„Miklu fyrr, miðað við mína reynslu af austurveginum,“ greip Gandalfur fram í fyrir honum.

„Við gætum síðan farið þaðan meðfram Hlaupá,“ hélt Þórinn áfram eins og ekkert hefði í skorist, „og síðan til rústanna í Dal – gamla bænum í dalnum sem hvílir í skugga Fjallsins. Enginn okkar vill þó fara í gegnum aðalhlíðið. Áin rennur beint í gegnum stóra klettinn á suðurhlíð Fjallsins og þar kemur drekinn út – alltof oft nema eitthvað hafi breyst.“

„Það væri ekki gott,“ sagði töframaðurinn, „ekki án magnaðs stríðskappa eða hetju. Ég reyndi að finna einhvern en stríðskappar eru uppteknir við að berjast hver við annan í fjarlægum löndum og hér um slóðir er fátt um hetjur, satt að segja alls engar. Sverð í þessum landshluta eru deig og axir eru notaðar til að höggva við, skildir eru notaðir sem vöggur fyrir ungabörn eða lok á bakka. Þar að auki eru drekar þægilega langt í burtu (og þess vegna svona miklar goðsagnir). Þetta er ástæðan fyrir því að ég sættist á *innbrot* – þegar ég mundi eftir hliðardyrnum fannst mér það alveg upplagt. Svo höfum við hann Bilbó litla Bagga, *innbrotspjófinn*, hinn útvalda innbrotspjóf. Nú skulum við demba okkur í skipulagninguna.“

„Allt í lagi,“ sagði Þórinn, „látum okkur heyra hvað sérfræðingur okkar í innbrotum hefur til málanna að leggja.“ Hann leit á Bilbó með uppgerðar kurteisissvip.

„Til að byrja með þarf ég nú að fá aðeins meiri upplýsingar,“ sagði Bilbó, sem var ringlaður og skalf örlítið innra með sér en var samt svo Tókalega ákveðinn í að vera með í ævintýrinu. „Ég á við þetta með gullið og drekann og

allt það og hvernig það komst þangað og hver á það og þannig og svoléiðis.“

„Hjálp mér!“ sagði Þórinn, „ertu ekki með uppdrátt? Og heyrðir þú ekki sönginn okkar? Erum við ekki búnir að tala um þetta núna í marga klukkutíma?“

„Það breytir ekki því að ég verð samt að vita þessa hluti,“ sagði Bilbó Þrjóskur og setti upp alvörusvipinn (sem hann setti nánast eingöngu upp þegar einhver vildi fá lánaða peninga hjá honum) og gerði sitt besta til þess að virka vitur og skynsamur og fagmannlegur og svona í stíl við það sem Gandalfur hafði sagt um hann. „Þar að auki vil ég fá að vita allt um áhættuna, kostnaðinn, tímann, þóknunina og svoléiðis,“ og þá átti hann við: „Hvað fæ ég greitt fyrir þetta? Og eitt enn – slepp ég lifandi út úr þessu?“

„Jæja þá,“ sagði Þórinn. „Fyrir langa löngu, á tímum Þrós afa míns, var fjölskyldan hrakin frá norðrinu og endaði í Fjallinu herna á kortinu með allan sinn auð og verkfæri. Þrór hinn aldri hafði uppgötvað staðinn og þau fóru að stunda námugróft og grafa út göng og hjuggu út stóra sali og verkstæði – auk þess held ég að þau hafi fundið mikið af gulli og gimsteinum. Þau urðu að minnsta kosti vellauðug og fræg og afi minn varð kóngur undir Fjallinu og var mikil virðing borin fyrir honum af dauðlegum mönnum sem bjuggu í suðrinu og voru smám saman að dreifa úr sér upp eftir Hlaupá alveg að dalnum sem var í skugga Fjallsins. Á þeim tíma byggðu þeir Dal, þorpið skemmtilega. Kóngar sendu iðulega eftir smiðum okkar og greiddu ríkulega fyrir þjónustuna, jafnvel þeim sem voru ekkert sérlega handlagnir. Feður báðu okkur um að taka syni sína í læri og greiddu vel fyrir, oftast var greiðslan í formi matvöru sem við nenntum ekki að framleiða sjálf eða leita að. Í heildina séð voru þetta góðir tímar þegar meira að segja þau sem minnstan auð áttu gátu eytt að vild og lánað peninga og höfðu nægan tíma til að búa til fallega hluti að gamni sínu, svo ekki sé minnst á öll fallegu og töfrandi leikföngin, sem hvergi fást lengur í heiminum. Salir afa míns fylltust því af vopnum og herklæðum, gimsteinum og matvælum og borðbúnaði og leikfangamarkaðurinn í Dal var talinn vera eitt af undrum norðursins.

ÓVÆNTIR GESTIR

Enginn vafi leikur á því að þetta vakti áhuga drekans. Eins og þú veist ræna drekar gulli og alls kyns djásnum frá fólki og álfum og dvergum, alltaf þegar tækifæri gefst en ekki til þess að njóta þess frekar en það væri ódýrt skran, nei, þeir liggja á þýfinu eins lengi og þeir lifa (sem er eiginlega að eilífu nema þeir séu drepnir). Raunar þekkja þeir ekki muninn á góðu handverki og slæmu en hafa oftast gott nef fyrir markaðsvirði þýfisins. Sjálfir kunna þeir ekki að smíða nokkurn skapaðan hlut, geta ekki einu sinni snyrt lausar brynplötur á sér. Á þessum tíma var mikið um dreka í norðrinu og líklega var gull orðið sjaldgæft úr því að dvergarnir voru að flýja í suðurátt eða voru drepnir og öll sóunin og eyðileggingin sem drekarnir ollu jókst sífellt. Einn þeirra var sérstaklega gráðugur, grimmur og illur. Hann var kallaður Smeyginn. Dag einn hóf hann sig til flugs og stefndi suður. Í fyrstu var hávaðinn eins og fellibylur í norðanátt og það heyrðust brestir og stunur frá furutrjánum á Fjallinu. Dvergar sem voru úti við (ég var svo heppinn að vera einn þeirra – svo mikill ævintýragaur sem ég var í þá daga, alltaf að þvælast eitthvað og í þetta sinn bjargaði það lífi mínu) – nú, úr allmikilli fjarlægð sáu dreka setjast á Fjallið okkar, spúandi eldi. Hann gekk síðan niður hliðar þess og þegar hann kom að trjánum fóru þau að skiðloga. Þá voru allar klukkur og bjöllur í Dal byrjaðar að glymja og stríðskapparnir bjuggu sig til orrustu. Dvergarnir þustu út um hliðið en þar beið drekinn. Enginn þeirra slapp. Áin varð eitt gufuský og þoka féll yfir Dal. Í þokunni birtist drekinn og drap flesta stríðskappana – sama gamla sagan sem endurtók sig sífellt í þá daga. Síðan sneri hann við og skreið í gegnum aðalhliðið og æddi um alla sali, hol, göng, sund, rými og kjallara. Að því búnu voru engir dvergar á lífi inni og hann rændi auðæfum þeirra. Hann hefur örugglega mokað öllu saman í einn stóran haug lengst inni í fjallinu og lagst síðan á hauginn eins og hann væri rúm, því það gera drekar iðulega. Seinna gerði hann að vana sínum að skriða út um aðalhliðið og fara að nóttu til inn í Dal, grípa fólk og éta, sérstaklega ungar konur, þangað til ekki stóð steinn yfir steini og allt fólkið var ýmist flúið eða dáíð. Hvort eitthvert lífsmark er þar

núna veit ég ekki en ég býst ekki við að neinn búi í nálægð við Fjallið, í mesta lagi að einhver búi við Langafljót.

Við, þessir fáu sem höfðu ekki verið inni þegar ógæfan dundi yfir, vorum í felum og grétum og bölvuðu Smeygni en skyndilega bættust pabbi og afi í hópinn. Skegg þeirra hafði sviðnað í logunum frá eldinum. Þeir voru alvarlegir á svip og sögðu fátt. Þegar ég spurði þá hvernig þeir hefðu sloppið sögðu þeir mér að þegja og að einn góðan veðurdag skyldu þeir segja mér söguna. Við komum okkur svo í burtu og höfum þurft að basla þetta síðan og finna vinnu hér og þar, stundum neyðst til að lúta svo lágt að taka vinnu í járnsmiðjum og jafnvel kolanámum. En aldrei höfum við gleymt fjársjóðnum okkar sem drekinn rændi. Meira að segja núna þegar við höfum náð að öngla saman svolitlum eignum og höfum það ekki lengur svo slæmt,“ – nú strauk Þórinn gullkeðjuna sem hann bar um hálsinn – „erum við staðráðnir í því að ná fjársjóðnum til baka og leggja bölvun á Smeygin – með ráðum og dáð.

Oft hef ég undrast hvernig pabbi og afi náðu að flýja. Ég held að þeir hljóti að hafa farið út um hliðardyr sem aðeins þeir vissu um. Þeir bjuggu víst til þetta kort og mikið langar mig til þess að komast að því hvernig Gandalfur komst yfir það og hvers vegna það er ekki í mínum höndum, eins og það réttilega ætti að vera.“

„Ég komst ekki yfir það, ég fékk það að gjöf,“ sagði vitkinn. „Eins og þú veist drap drýsillinn Ásoki Þrór afa þinn í Moríanámunni.“

„Megi bölvun hvíla yfir nafni hans,“ sagði Þórinn.

„Og hann Þráinn, pabbi þinn, fór á brott 21. apríl sem var nákvæmlega fyrir eitt hundrað árum síðasta fimmtudag og þú hefur ekki séð hann síðan –“

„Satt er það, satt er það,“ sagði Þórinn.

„Nú, pabbi þinn gaf mér uppdráttinn til þess að gefa þér hann og tæpast er hægt að gagnrýna þann tíma og þá stund sem ég valdi til að afhenda þér hann miðað við hversu erfitt það var að hafa upp á þér. Pabbi þinn mundi ekki hvað hann hét þegar hann gaf mér uppdráttinn og minntist aldrei á hvað þú hétir. Á heildina litið finnst mér því að þú ættir að þakka mér

fyrir og kannski hrósa! Og gjörðu svo vel, hér hefurðu hann,“ sagði Gandalfur um leið og hann rétti Þórni uppdráttinn.

„Ég skil ekkert,“ sagði Þórinn og Bilbó leið nákvæmlega eins. Þessi útskýring virtist ekki útskýra neitt.

„Afi þinn,“ sagði vitkinn rólega, alvarlegur í bragði, „afhenti syni sínum uppdráttinn til varðveislu áður en hann fór í Moríanámurnar. Pabbi þinn freistaði gæfunnar með uppdráttinn eftir að afi þinn var drepinn og lenti í fjölda óþægilegra ævintýra en aldrei komst hann einu sinni nálægt Fjallinu. Ég veit ekki hvernig það vildi til en ég hitti hann þegar hann var orðinn fangi í einni af dýflissum Násugunnar.“

„Hvað varst þú eiginlega að gera þar?“ spurði Þórinn og hryllti við og skjálfti fór um alla dvergana.

„Kemur þér einfaldlega ekkert við. Ég var bara að rannsaka eitt og annað eins og ég geri og mikið var þetta óskemmtilegur andskoti. Meira segja ég, sjálfur Gandalfur, rétt náði að komast þaðan. Ég reyndi að bjarga pabba þínum en það var of seint. Hann hafði misst vitið og ráfaði um, nánast minnislaus nema hvað hann var alveg með uppdráttinn og lykilinn á hreinu.“

„Við létum nú drýslana í Moríanámunni finna vel til tevatnsins,“ sagði Þórinn, „en Násugan á heldur ekkert gott skilið.“

„Láttu þér ekki detta svona vitleysu í hug! Hann er óvinur sem er öflugri en allir dvergarnir til samans, ef einu sinni hægt væri að ná þeim saman frá öllum hornum heimsins. Eina ósk pabba þíns var að sonur hans myndi nota kortið og lykilinn. Drekin og Fjallið er meira en yfrið verkefni fyrir ykkur!“

„Heyr, heyr!“ sagði Bilbó óvart upphátt.

„Heyra hvað?“ sögðu hinir allir í kór og sneru sér um leið að honum, en hann fór svo hjá sér að hann sagði: „Heyrið hvað ég hef að segja!“

„Og hvað skyldi það nú vera?“ spurðu þeir aftur allir í kór.

„Nú, ég mæli með að þið farið austan við Fjallið og skoðið ykkur þar um. Við vitum að þar eru hliðardyr og einhvern tíma hljóta drekar að sofa, býst ég við. Ég segi að ef þið sitjið

HOBBITINN

nógu lengi á þröskuldinum detti ykkur eitthvað sniðugt í hug. Þar að auki held ég að við höfum talað nóg á einu kvöldi, ekki satt? Hvernig væri að fara að sofa og vakna snemma í fyrramálið? Ég skal búa til góðan morgunmat handa ykkur áður en þið leggið af stað.“

„Þú átt við áður en við leggjum af stað,“ sagði Þórin. „Þú ert innbrotsþjófurinn. Þú átt að sitja við dyrnar, svo ekki sé minnst á að það ert þú sem átt að fara inn í Fjallið. En ég er til í að fara að sofa og fá góðan morgunmat í fyrramálið. Áður en ég fer í ferðalag fæ ég alltaf sex egg og beikon, eggin eiga að vera spæld, ekki soðin, og eins gott að rauðan sé heil.“

Þegar allir hinir höfðu sagt hvað þeir vildu í morgunmat án þess sem svo mikið sem að segja „ef þú vilt vera svo vænn,“ (sem fór óttalega mikið í taugarnar á Bilbó), stóðu þeir upp, allir sem einn. Hobbitinn þurfti að finna bæli fyrir þá alla og kom þeim fyrir í öllum aukaherbergjunum og bjó þar að auki um þá í hægindastólum og sófum og þegar hann hafði komið öllum fyrir skreið hann upp í litla rúmið sitt alveg örþreyttur og alls ekki ánægður. Hann ákvað að hann myndi ekki vakna snemma og elda einhvern fjandans morgunmat handa öllum. Áhrifin frá Tókahliðinni voru farin að dvína og hann var alls ekki viss um að hann ætlaði að fara eitt eða neitt á morgun, hvað þá í ferðalag.

Hann lá í rúminu og heyrði að Þórin var enn þá að syngja lágt með sjálfum sér í næsta herbergi:

*Um Þokufjöllin þung er slóð
við þrengsli myrk og næturhljóð.
Með markið hátt við höldum brátt
að heimta aftur gleymdan sjóð.*

Bilbó sveif inn í draumalandið með söng í eyrum og dreymdi illa. Morguninn eftir vaknaði hann löngu eftir sólarupprás.